



## Stöðuskýrsla Samhæfingarstöðvar Almannavarna (SST)

Nr. 8

25. ágúst 2022 kl. 17:00

### Eldgos í Meradölum



Gosstöðvarnar í Meradölum kl. 04.40 sunnudagsmorgun 21. ágúst 2022. Mynd: Almannavarnir

### Meginatriði

- Gosórói hefur ekki mælst frá sunnudagsmorgni og önnur virkni lítil á Reykjaneskaga.
- Göngu- og neyðarleið hefur verið lagfærð alla leið að gosstöðvunum.
- Dregið hefur verið úr viðbragði á svæðinu, m.a. vegna færri gesta.
- Áfram er unnið á hættustigi Almannavarna.

### Samantekt

Gosórói minnkaði töluvert um helgina og féll síðan alveg niður á sunnudagsmorgun. Síðan þá hefur engin virkni verið sjáanleg í gígnum eða á svæðinu. Talið er líklegt að gosinu sé lokið en þó er enn of snemmt að segja til um það.

Starfað er á hættustigi Almannavarna

Göngu- og neyðarleið hefur nú verið lagfærð alla leið að gosstöðvunum og því orðin mun greiðfærari. Gestum á svæðinu hefur fækkað mikið og um 1000-1500 manns koma nú daglega á svæðið, en voru áður 3-4000. Þar af leiðandi hefur dregið úr veru viðbragðsaðila og vinnur nú lögreglufólk og sjúkraflutningamaðu á svæðinu. Björgunarsveitir vinna með þeim fram yfir helgi til að tryggja yfirfærslu verkefna og verklags. Frekari aðkoma björgunarsveita að eftirliti og gæslu verður metin í næstu viku,

p.e. annarra verkefna en beinnar leitar og björgunaraðgerða. Áfram er unnið að áætlunum fyrir Reykjanesskaga í heild með tilliti til þess að líklega sé um langtíma jarðhræringar að ræða.

## Samhæfing

Samhæfing aðgerða hefur gengið vel. Samhæfingarstöð Almannavarna (SST) er í stöðugu samstarfi við viðbragðsaðila og aðra aðila vegna gossins. Helstu fundir sem haldnir hafa verið frá sl. föstudegi eru eftirfarandi:

- Stöðufundir samhæfingarstöðvar, aðgerðastjórnar og vettvangsstjórnar.
- Daglegir samráðsfundir Veðurstofu Íslands
- Upplýsingafundur SST og hagaðila
- Fundur í Vísindaráði Almannavarna
- Fundir í samstarfshóp um upplýsingagjöf til almennings vegna loftborinnar hættu á heilsutjóni tengt eldgosum og gosóróa

### Starfandi samhæfingaraðilar og staðsetning þeirra:

#### SST

- Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð 14, hefur verið starfandi frá upphafi goss.

#### AST

- AST Höfuðborgarsvæði, Skógarhlíð 14.
- AST Suðurnesjum, í slökkvistöð í Reykjanesbæ.

#### VST

- VST Grindavík, Björgunarsveitin Þorbjörn.

#### Aðrir

Veðurstofa Íslands, vísindasamfélagið, Isavia, Vegagerðin, veitufyrirtæki, sveitarfélög, Embætti landlæknis og Umhverfisstofnun.

## Starfssvæði

Þau starfssvæði sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum eru:

- Reykjanesskagi
- Höfuðborgarsvæði

Starfssvæðin hafa fengið þá aðstoð sem þau hafa óskað eftir.

## Björgunarstörf

Björgunarsveitafólk manna vöktun á svæðinu til að tryggja öryggi við gosstöðvarnar og aðkoma þeirra að verkefnum öðrum en leit og björgun verður metin í næstu viku.

## Næsta stöðuskýrsla

Næsta stöðuskýrsla er áætluð fimmtudaginn 1. september kl. 16:00

### Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Samhæfingar- og stjórnstöð Almannavarna

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

Fyrirspurnir sendist á: [almannavarnir@logreglan.is](mailto:almannavarnir@logreglan.is)

### Almannavarnir